

Viðauki C.4 - Lýsing á afsláttarfyrirkomulagi olúfélaganna

EFNISYFIRLIT

C.4.1	ATLANTSOLÍA	1
C.4.2	N1	1
C.4.3	OLÍS OG ÓB	1
C.4.4	SKELJUNGUR (SHELL OG ORKAN)	2

Öll félögin sem starfa á markaðnum bjóða viðskiptavinum upp á afslætti, oftast í formi beins afsláttar, inneignar í formi punkta og/eða vildarpunktum hjá samstarfsaðilum. Útfærslan er þó mismunandi á milli félaga. Hér að neðan miðast umfjöllun við afsláttarfyrirkomulag félaganna eins og það var um mitt ár 2015.

C.4.1 Atlantsolía

Hjá Atlantsolíu fá handhafar afsláttarkorts 3 krónu afslátt af hverjum lítra auk viðbótarafsláttar hjá samstarfsaðilum fyrirtækisins. Viðskiptavinir Atlantsolíu sem skrá sig í „Meira fyrir þig“ fá því til viðbótar 2 króna afslátt á einni afsláttarstöð að eigin vali og veltutengda afslætti. Þá ræðst veltutengdi afslátturinn af kaupum viðskiptavinarins af eldsneyti (í lítrum talið) í mánuðinum á undan. Ef viðskiptavinurinn kaupir á milli 50 og 150 lítra í mánuðinum á undan fær hann viðbótarafslátt upp á 2 krónur á lítrann og ef hann kaupir 150 lítra eða meira bætast við aðrar 2 krónur. Afslættir viðskiptavina Atlantsolíu geta því numið frá 3-9 krónum á lítra. Til viðbótar hinum almennu afsláttum veitir Atlantsolía viðbótarafslætti til ýmiss konar félagasamtaka. Sem dæmi má taka að félagsmenn í FÍB fá 7 krónu fastan afslátt, 2 krónu afslátt til viðbótar á einni eldsneytisstöð og 2 krónur til viðbótar ef viðkomandi kaupir meira en 150 lítra á mánuði, þ.e. allt að 11 króna afslátt.

C.4.2 N1

N1 er eina fyrirtækið á eldsneytismarkaðnum sem býður viðskiptavinum sínum afslátt (5 krónur á hvern lítra) og punkta (2 punkta fyrir hvern lítra) sem aðeins er hægt að nota til þess að kaupa vörur hjá fyrirtækinu. Hver punktur er ígildi einnar krónu. Viðskiptavinir fá einnig afslátt og safna punktum vegna kaupa á vöru og þjónustu hjá dekkjaverkstæðum N1, matvöru í N1 verslunum, smurstöðum N1 og svo frv. N1 veitir einnig einstaklingum og ýmsum félagasamtökum viðbótarafslætti.

C.4.3 Olís og ÓB

Viðskiptavinir Olís og ÓB geta fengið afsláttarkort-, eða -lykla, sem veita afslátt af eldsneyti og ýmsum öðrum vörum á Olís stöðvum. Jafnframt fá handhafar þeirra afslátt hjá samstarfsaðilum Olís, s.s. MAX1, Ellingsen, Vélalandi, Poulsen o.s.frv. Viðskiptavinir Olís og ÓB fá sambærileg afsláttarkjör að mestu leyti, þ.e. fastan 3 króna afslátt af eldsneyti á eldsneytisstöðvum Olís og ÓB. Þeir sem kaupa eldsneyti hjá ÓB fá til viðbótar 15 krónu afslátt í tíunda hvert skipti sem þeir kaupa 25 lítra eða meira á ÓB stöð. Það sem aðgreinir afsláttarfyrirkomulag Olís og ÓB frá hinum eldsneytissölunum er það að þeir sem greiða með Visa eða American Express kortum safna vildarpunktum Icelandair þegar eldsneyti er keypt

en punktisöfnunin nemur 15 punktum fyrir hverjar 1.000 krónur. Viðskiptavinir Landsbankans njóta sambærilegra kjara hjá Olís og ÓB en þeir safna 15 aukakrónum fyrir hverjar þúsund krónur sem eldsneyti er verslað fyrir auk þess að fá 7 króna afslátt af hverjum lítra. Almennir afslættir, að meðtöldum mögulegum punktum, eru því á bilinu 3-4,5 krónur á lítra. Olís veitir einnig einstaklingum og ýmsum félagasamtökum viðbótarafslætti.

C.4.4 Skeljungur (Shell og Orkan)

Viðskiptavinir Orkunnar sem eru með orkulykil fá 3 krónu afslátt á hvern keyptan lítra sem hækkar í samræmi við keypt magn mánuðinn á undan. Ef viðskiptavinurinn kaupir 50-150 lítra í mánuðinum á undan fær hann til viðbótar 2 króna afslátt í næsta mánuði (samtsals 5 krónur) og ef viðskiptavinurinn kaupir meira en 150 lítra í mánuðinum á undan fær hann eina krónu til viðbótar, þ.e. samtsals 8 krónu afslátt. Þeir viðskiptavinir Skeljungs sem versla hjá Shell fá 4 krónu fastan afslátt af hverjum lítra en enga veltutengda afslætti. Bæði viðskiptavinir Shell og Orkunnar geta valið sér „sína stöð“ og fengið 2 króna viðbótarafslátt þar. Afslættir eru því á bilinu 3-11 krónur á lítra. Jafnframt fá viðskiptavinir Skeljungs sem hafa afsláttarlykla, eða –kort, afslátt á smurstöðvum Skeljungs, þjónustustöðvum Skeljungs og hjá ýmsum samstarfsaðilum, s.s. af varahlutum, dekkjum, þrífum o.s.frv. Skeljungur veitir einnig einstaklingum og félagasamtökum viðbótarafslætti.

